

# SÉRTÆK STARFSSKILYRÐI

## fyrir leiksvæði

samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti og 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

## 1 Gildissvið

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir leiksvæði sem eru hönnuð og skipulögð fyrir leik barna hvort sem er innan eða utan dyra, svo sem í eða við leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, gæsluvelli og opin leiksvæði, sem og leiksvæði annarra aðila sem börn hafa greiðan aðgang að eða sem eru ætluð börnum til dæmis á tjaldsvæðum, þjónustusvæðum frístundahúsa, í verslunarhúsnæði og á veitingastöðum og samkomustöðum. Starfsskilyrði þessi gilda einnig fyrir skapandi leiksvæði. Jafnframt gilda almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi fyrir ofangreinda starfsemi.

Komi fram ósamræmi milli starfsskilyrða þessara og þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, þá ganga lög og reglugerðir framur starfsskilyrðum.

## 2 Umhverfi og öryggi

### 2.1 Leiksvæði

Óheimilt er að staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu, svo sem frá umferð, vegna fallhættu, hruns eða hættu á drukknun.<sup>1</sup>

Leiksvæði skulu vera þannig hönnuð og frágengin að minnsta mögulega hættu sé á að börn verði fyrir slysi á svæðinu. Um öryggi í umhverfinu skal fara eftir staðlinum ÍST CEN/TR 16879. Um öryggi opinna leiksvæða skal fara eftir staðlinum ÍST CEN/TR 16467.<sup>2</sup>

Á skipulögðum leiksvæðum skal sérstaklega gætt að öryggi barna 0-3 ára með því að staðsetja þau sér og gæta þess að leiksvæði þeirra sé ekki nálægt svæðum sem bjóða upp á kraftmikinn leik eldri barna.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Rg. 1025/2022, 7. gr.

<sup>2</sup> Rg. 1025/2022, 9. gr., viðauki II.

<sup>3</sup> Rg. 1025/2022, viðauki II.

Leiksvæði skulu vera með vatnshalla, vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir þannig að hætta stafi af. Við hönnun, frágang og rekstur svæða sem eru sérstaklega ætluð til vatnsleikja skal gæta þess að hætta skapist ekki af.<sup>4</sup>

Yfirborðsefni á leiksvæðum skulu valin með tilliti til hálfu og falls og viðeigandi skil skulu vera á milli mismunandi yfirborðsefna. Öryggisundirlag leikvallatækja skal vera samkvæmt staðlinum ÍST EN 1177. Taka skal mið af veðurfari á hverjum þeim stað sem því er komið fyrir.<sup>5</sup>

Aðkoma að leiksvæði fyrir gangandi, hjólandi og eftir atvikum akandi vegfarendur skal vera þannig að ekki skapist óþarfa hætta á og við leiksvæðið.<sup>6</sup>

Aðkoma sjúkrabíla og annarra neyðartækja, svo sem slökkviliðs og lögreglu, skal vera merkt.<sup>7</sup>

Á leiksvæðum skal vera góð lýsing eftir því sem við á. Ljósastaurar skulu þannig staðsettir að sem minnst hætta sé á að börn rekist á þá í leik.<sup>8</sup>

Hjólastígar á leiksvæðum skulu þannig staðsettir að þeir liggi ekki um lágmarksrými leikvallatækja. Þeir skulu vera minnst 120 cm breiðir, halli þeirra skal vera hæfilegur og hafa skal hindranir meðfram þeim þar sem hætta er á falli.<sup>9</sup>

Á og við leiksvæði skal gert ráð fyrir að hægt sé að losa sorp eftir því sem við á.<sup>10</sup>

Hvert leiksvæði skal merkt með sýnilegum hætti með t.d. nafni, heimilsfangi og auðkennisnúmeri svæðis í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunnar.<sup>11</sup>

Leiksvæði sem hefur sérstakt menningar- og sögulegt gildi og hefur fengið undanþágu Umhverfis- og orkustofnunnar frá einstökum greinum reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, skal merkja með skýrum og sýnilegum hætti að leiksvæðið og tækin uppfylli ekki að fullu kröfur reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.<sup>12</sup>

Um stoðveggi, verkfærageymslur og önnur mannvirki á leiksvæðum gilda eftir því sem við á sömu kröfur og um leikvallatæki.<sup>13</sup>

## 2.2 Leikvallatæki

Hönnun, framleiðsla, frágangur og viðhald leikvallatækis og öryggisundirlags þess skal vera þannig að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi af leik í tækinu þegar það er

<sup>4</sup> Rg. 1025/2022, viðauki II.

<sup>5</sup> Rg. 1025/2022, 11. gr., viðauki II. [UOS Leiðbeiningar um öryggisundirlag.pdf](#)

<sup>6</sup> Rg. 1025/2022, 7. gr.

<sup>7</sup> Rg. 1025/2022, 7. gr.

<sup>8</sup> Rg. 1025/2022, 7. gr., viðauki II.

<sup>9</sup> Rg. 1025/2022, viðauki II.

<sup>10</sup> Rg. 1025/2022, 8. gr.

<sup>11</sup> Rg. 1025/2022, 7. gr., [UOS Leiðbeiningar um merkingar leiksvæða.pdf](#)

<sup>12</sup> Rg. 1025/2022, 15. gr.

<sup>13</sup> Rg. 1025/2022, viðauki II.

notað eins og til er ætlast eða eins og búast má við að það sé notað. Leikvallatæki og undirlag þeirra skulu uppfylla kröfur samkvæmt stöðlunum ÍST EN 1176 og ÍST EN 1177. Á skapandi leiksvæðum og náttúrulegum leiksvæðum skal efniviður taka mið af sömu stöðlum.<sup>14</sup>

Um hönnun sandkassa gilda sömu kröfur og um önnur leikvallatæki. Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar.<sup>15</sup>

Mörk, körfuboltaspjöld, ærslabelgi, hoppukastala og samsvarandi búnað, varanlegan eða tímabundinn, skal festa tryggilega niður. Að öðru leyti skal fara eftir viðeigandi stöðlum.<sup>16</sup>

Leikvallatæki skulu merkt nafni framleiðanda, vörumerki hans eða öðru kennimerki. Ef um er að ræða erlenda framleiðslu skal nafn innflytjenda koma fram á leikvallatækinu.<sup>17</sup>

Leikvallatæki skulu, þar sem það á við, merkt sérstaklega með áberandi hætti hvaða aldri barna þau eru ætluð.<sup>18</sup>

Leiktæki, þ.e. tæki sem er leikfang ætlað til heimilisnota þar sem stoðvirki er kyrrstætt á meðan leikið er, má ekki setja upp á leiksvæði sem almenningur hefur aðgang að.<sup>19</sup>

## 2.3 Öryggi og umgengni

Hindra skal að börn geti hlaupið beint út af leiksvæði þangað sem umferð er.<sup>20</sup>

Girða skal af lóð við leikskóla.<sup>21</sup> Girðing umhverfis leiksvæði leikskóla skal ekki vera lægri en 120 cm. Þar sem snjóþungt er skulu girðingar vera hærri ef þörf er á og skal hafa samráð við eftirlitsaðila um hæðina.<sup>22</sup> Heimilt er að krefjast þess að lóð við grunnskóla og frístundaheimili sé girt af að hluta eða öllu leyti vegna slysaþættu í umhverfinu.<sup>23</sup>

Þar sem grindverk eða hlið eru á lóðum leiksvæða skal frágangi þeirra hagað þannig að börnum stafi ekki hættu af.<sup>24</sup> Girðingastaura, hlið og ljósastaura sem eru úr járn, t.d. galvaniseraðir, skal mála upp í 1,5 m hæð svo ekki sé hættu á að börn geti fest tungu eða fingur við þá í frosti.<sup>25</sup>

Rekstraraðili skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunnar um öryggisundirlag varðandi það til hvaða aðgerða skuli grípa við mismunandi veðurfarsaðstæður sem geta haft

<sup>14</sup> Rg. 1025/2022, 7. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr., viðauki I.

<sup>15</sup> Rg. 1025/2022, 8. gr., viðauki II. [UOS Leiðbeiningar um sandkassa.pdf](#)

<sup>16</sup> Rg. 1025/2022, 11. gr., viðauki IV.

<sup>17</sup> Rg. 1025/2022, 10. gr.

<sup>18</sup> Rg. 1025/2022, 11. gr., [UOS Leiðbeiningar um merkingar leiktaekja.pdf](#)

<sup>19</sup> Rg. 1025/2022, 3. gr., 9. gr.

<sup>20</sup> Rg. 1025/2022, 7. gr.

<sup>21</sup> Rg. 1025/2022, viðauki II.

<sup>22</sup> Rg. 1025/2022, viðauki II.

<sup>23</sup> Rg. 903/2024, 27. gr.

<sup>24</sup> Rg. 1025/2022, 7. gr.

<sup>25</sup> Rg. 1025/2022, viðauki II.

neikvæð áhrif á dempunareiginleika öryggisundirlags leikvallatækis, svo sem tímabundinnar lokunnar svæða eða leikvallatækja að hluta eða í heild eða stýringar á notkun einstakra leikvallatækja.<sup>26</sup>

Gæta skal að því að á leiksvæðum sé hvorki þyrndur og/eða eittraður gróður né gróður sem getur valdið ertingu eða sárum.<sup>27</sup>

Á leiksvæðum er óheimilt að nota efnavörur eða hluti sem valdið geta heilsutjóni vegna geislunar, inntöku, innöndunar eða upptöku um húð. Val á efnum skal standast ákvæði efnalaga og reglugerða settum samkvæmt þeim. Um aðra notkun efna og efnavara skal fara eftir ákvæðum staðalsins ÍST EN 71 um öryggi leikfanga.<sup>28</sup>

Rekstraraðili leiksvæðis skal halda því snyrtilegu og sjá um að rusl sé fjarlæggt reglulega, sbr. ákvæði reglugerðar um meðhöndlun úrgangs. Hættulegt rusl ber að fjarlægja jafnóðum, svo sem tóbak, sprautunálar og gler.<sup>29</sup>

Náttúrefni sem notuð eru í sköpunarleikjum á skipulögðum leiksvæðum svo sem við grunn- og leikskóla skulu frágengin á öruggan hátt í lok hvers starfsdags.<sup>30</sup>

Rekstraraðili leiksvæða við grunn- og leikskóla skal birta upplýsingar um öryggismál á viðkomandi skólalóð á heimasíðu skólans og upplýsa um hvar hægt er að koma á framfæri ábendingum um það sem betur má fara.<sup>31</sup>

Verði alvarlegt slys skal án tafar taka viðkomandi leikvallatæki, undirlag þess, búnaðinn og/eða svæðið þar sem slysið varð úr notkun og framkvæma skoðun samkvæmt ákvæðum staðalsins ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177, til að hægt sé að lagafæra tækið eða hluta þess eða öryggisundirlagið í kringum það. Sama á við um önnur tæki á leiksvæðinu og skal fara eftir ákvæðum staðla sem taldir eru upp í viðauka IV reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Sé ekki mögulegt að bæta úr þannig að tækið og öryggisundirlagið verði öruggt skal taka tækið varanlega úr notkun. Rekstraraðili skal tilkynna slysið með formlegum hætti til framleiðanda/innflytjanda.<sup>32</sup>

Umferð vél- og rafknúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunnar tækja og búnaðar.<sup>33</sup>

---

<sup>26</sup> Rg. 1025/2022, 11. gr., [UOS Leidbeiningar um öryggisundirlag.pdf](#)

<sup>27</sup> Rg. 1025/2022, viðauki II, [UOS Leidbeiningar um varasaman groður.pdf](#)

<sup>28</sup> Rg. 1025/2022, viðauki II.

<sup>29</sup> Rg. 1025/2022, 8. gr.

<sup>30</sup> Rg. 1025/2022, viðauki II.

<sup>31</sup> Rg. 1025/2022, 5. gr.

<sup>32</sup> Rg. 1025/2022, 14. gr., viðauki IV

<sup>33</sup> Rg. 1025/2022, 7. gr.

## 2.4 Skráning slysa

Skráning slysa skal vera rafræn í samræmi við rafrænt slysaskráningarblað. Skráning slysa í leikskóla skal vera samkvæmt handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum, samanber reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. Skráning slysa í grunnskóla skal vera samkvæmt handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum, samanber reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.<sup>34</sup>

Forstöðumenn grunn- og leikskóla og rekstraraðilar opinna leiksvæða skulu tilkynna alvarleg slys, svo og slys sem telja má að rekja megi til leikvallatækis, búnaðar eða leiksvæðis, til eftirlitsaðila.<sup>35</sup>

## 3 Innra eftirlit

Innra eftirlit skiptist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun og skal það framkvæmt samkvæmt gátlistum og ákvæðum ÍST EN 1176 og ÍST EN 1177 hvað varðar leikvallatæki og undirlag. Rekstraraðili ber ábyrgð á að innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum sé virkt.<sup>36</sup>

Tilgreindur ábyrgðaraðili skal vera að hverjum eftirlitsþætti innra eftirlits og skal hann gera rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og benda á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili skal gera nauðsynlegar úrbætur eða taka hlutaðeigandi tæki úr notkun.<sup>37</sup>

Innra eftirlit skal skrá í rekstarhandbók.<sup>38</sup>

### 3.1 Reglubundin yfirlitsskoðun

Reglubundna yfirlitsskoðun skal framkvæma eftir notkun og álagi á leiksvæðinu, t.d. daglega á leik- og grunnskólalóðum á starfstíma þeirra. Rekstraraðili metur þörf á mikilvægi á reglubundinni yfirlitsskoðun á opnum leiksvæðum.<sup>39</sup>

Við reglubundna yfirlitsskoðun skal fara yfir leiksvæði, hreinsa það og fjarlægja hluti sem geta valdið hættu eða slysum, svo sem tóbak, glerbrot, sprautunálar og skemmd leikvallatæki og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka bilaðan búnað úr umferð.<sup>40</sup>

---

<sup>34</sup> Rg. 1025/2022, 12. gr.

<sup>35</sup> Rg. 1025/2022, 12. gr.

<sup>36</sup> Rg. 1025/2022, 5. gr., 13. gr., 14. gr., viðauki III.

<sup>37</sup> Rg. 1025/2022, 14. gr., viðauki III.

<sup>38</sup> Rg. 1025/2022, 14. gr.

<sup>39</sup> Rg. 1025/2022, 14. gr., viðauki III

<sup>40</sup> Rg. 1025/2022, 14. gr., viðauki III

## 3.2 Rekstrarskoðun

Rekstrarskoðun skal framkvæma tvisvar til fjórum sinnum á ári eftir notkun og álagi og taka mið af leiðbeiningum framleiðanda leikvallatækja og ábendingum frá reglubundinni yfirlitsskoðun við framkvæmd skoðunarinnar.<sup>41</sup>

Rekstraraðili skal fyrir 1. febrúar ár hvert senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd upplýsingar um niðurstöður rekstrarskoðana liðins árs. Jafnframt skal rekstraraðili birta niðurstöðurnar á heimasíðu sinni.<sup>42</sup>

## 3.3 Aðalskoðun

Aðalskoðun skal framkvæmd samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda leikvallatækja af óháðum aðila sem hlotið hefur faggildingu samkvæmt kröfum staðalsins ÍST ISO/IEC 17020.<sup>43</sup>

Fyrsta aðalskoðun, það er upphafsskoðun, skal fara fram eftir uppsetningu leikvallatækja og annars búnaðar og áður en nýtt leiksvæði er tekið í notkun. Aðalskoðun skal einnig fara fram áður en leiksvæði er tekið aftur í notkun eftir umfangsmiklar breytingar, endurgerð og viðhald.<sup>44</sup>

Eftir fyrstu aðalskoðun skal aðalskoðun framkvæmd árlega komi fram frávik með talsverðri eða hámarks áhættu við aðalskoðun eða ef rekstrarskoðun hefur ekki verið sinnt.<sup>45</sup> Komi ekki fram alvarleg frávik við aðalskoðun eða rekstraraðili hefur brugðist við frávikum og bætt úr þeim, er heilbrigðisnefnd heimilt að ákveða lengri tíma á milli aðalskoðana en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.<sup>46</sup>

## 3.4 Rekstrarhandbók

Rekstraraðili leiksvæðis skal halda rekstrarhandbók fyrir svæðið og skrá í hana nauðsynlegar upplýsingar um leiksvæðið, leikvallatæki, önnur tæki, öryggisundirlag og annan þann búnað sem staðsettur er á leiksvæðinu sem og uppsetningu, rekstur, breytingar, lagfæringar, öryggi og niðurstöður innra eftirlits, utanaðkomandi úttektir og eftirlit eftirlitsaðila.<sup>47</sup>

Rekstrarhandbók skal vera aðgengileg á rafrænan hátt fyrir eftirlitsaðila og skoðunaraðila.<sup>48</sup>

---

<sup>41</sup> Rg. 1025/2022, 14. gr., viðauki III

<sup>42</sup> Rg. 1025/2022, 14. gr.

<sup>43</sup> Rg. 1025/2022, 14. gr., viðauki III

<sup>44</sup> Rg. 1025/2022, 4. gr.

<sup>45</sup> Rg. 1025/2022, 14. gr., viðauki III

<sup>46</sup> Rg. 1025/2022, 14. gr.

<sup>47</sup> Rg. 1025/2022, 6. gr., viðauki V.

<sup>48</sup> Rg. 1025/2022, 6. gr., 13. gr.